

## Skólanefndarfundur 21.10.2021 kl.12:00 á GOTT - veitingahús

**Mættir:** Helga Kristín Kolbeins, Thelma Björk Gísladóttir, Þórunna Halldórsdóttir, Helga Jóhanna Harðardóttir, Íris Róbertsdóttir, Magnús Sigurnýjas Magnússon, Leifur Jóhannsson, Daníel Geir Moritz, Jónas Guðbjörn Jónsson og Gunnar Friðfinnsson

**Fundarstjóri:** Helga Kristín Kolbeins, skólameistari

**Fundarritari:** Thelma Björk Gísladóttir, aðstoðarskólameistari

### Fundarefni:

- **Stefna skólans**, skólameistari rennur yfir stefnu skólans fyrir fundargesti og áherslur sem unnið er eftir henni tengdri.
- **Vetrarfrí** á haustönn 2021: Vetrarfrí skólans var haldið dagana 21-22.októbr að þessu sinni.
- **Námsframboð**; rædd voru úrræði til þess að auka nám og nemendafjölda. Upp kom fyrirspurn um heimavist og voru kostir og gallar ræddir. Einnig var rætt um að ef heimavist kæmi til þá yrði hagsælast að gera það í samstarfi við fleiri aðila t.a.m. ÍBV. Einnig var rætt um að fá Stýrimannaskólann aftur til Eyja. Skólameistari ætlaði að skoða að má betur.
- **Brotthvarf** – brotthvarf í sögulegu lágmarki á síðustu önn eða um 2,4%. Aldrei verið svona lágt. Margt sem kom til, mikið utan um hald í heimsfaraldri (Covid-19), verkferlar skýrir, 3 ára námið heldur þeim uppteknum ofl.
- **Starfsbrautin** – fámennt að þessu sinni (3 nemendur). Nemendur hafa fengið meira tækifæri en áður að sækja almennar greinar á 1. og 2.þrepi og mikil ánægja með það. Starfsfólk fór í framhaldsskólann á Höfn í Hornafirði í vikunni til að aðstoða kennara og stjórnendur þar að taka á móti og mennta nemanda á starfsbraut. Mikil fagþekking í okkar starfsfólki sem var meira en til í að miðla þekkingu og reynslu sinni.
- **Gæðamál**; unnið er markvist að því að innleiða ISO 9001 og er áætla að fara í úttekt vorönn 2022. Einnig er verið að vinna að loftlags- og umhverfismálum og samhlið því verkefninu Græn skref og ISO14001. Nú hefur skólinn náð 4 skrefum af 5 í Grænum skrefum og áætlað er að fara í úttekt á stöðu skólans með umhverfisstaðalinn ISO 14001 samhliða ISO 9001.
- **Ið nám**, mikil fjölgun í iðnnámið í FÍV síðustu annir. Eftirspurn mikil. Farið í sókn til að efla iðnnámið á landsvísu og það hefur skilað sér vel. Einnig hefur skólinn verið að svara kalli atvinulífsins með iðnnámið. Húsasmiðanám sett á sem gekk nokkuð vel, nemendur byrjaðir að skila sér í sveinspróf. Múraraíðn hefst á vorönn 2022 í samstarfi við Tækniskólann. Grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina keyrð á haustönn til að gera nemendum kleift að komast inn í framhaldið. Píparalærlingar og fyrirtæki sem þeir vinna hjá farin að láta vita af sér. Grunndeild rafiðna fámenn en við klárum þann hóp sem hóf nám haustönn 2020. Skoða þarf framhaldið á því námi og hvort hægt sé að keyra rafyrkjun.

Fundi slitið kl. 13:13